

EKKI TIL ÚTGÁFU EÐA DREIFINGAR, BEINNAR EÐA ÓBEINNAR, INNAN EÐA INN Í NOKKRA ÞÁ LÖGSÖGU SEM MYNDI HAFI Í FÖR MEÐ SÉR BROT Á GILDANDI LÖGUM EÐA REGLUGERÐUM SLÍKRAR LÖGSÖGU.

VIÐAUKI VIÐ TILBOÐSYFIRLIT¹
Í TENGLUM VIÐ VALFRJÁLST TILBOÐ
TIL HLUTHAFA Í

MAREL HF.
(Kennitala 620483-0369)

Lagt fram af

JOHN BEAN TECHNOLOGIES EUROPE B.V.
(Skráningarnr. 63675013)

27. nóvember 2024

Þessi viðauki inniheldur mikilvægar upplýsingar. Skjölin skulu lesin vandlega áður en nokkur ákvörðun er tekin um samþykki á tilboðinu sem lagt er fram af tilboðsgjafa í öll útgefin og útistandandi hlutabréf, að undanskildum eigin hlutabréfum, í Marel hf.

HVORKI VERÐBRÉFAEFTIRLIT BANDARÍKJANNA (U.S. SECURITIES AND EXCHANGE COMMISSION) NÉ ANNAÐ FJÁRMÁLAEFTIRLIT EÐA EFTIRLITSAÐILAR Í BANDARÍKJUNUM HAFI SAMÞYKKT EÐA SYNJAÐ ÚTGÁFU VERÐBRÉFANNA Í TENGLUM VIÐ VIÐSKIPTIN NÉ ÚRSKURÐAÐ UM HÆFNI EÐA NÁKVÆMNI ÞESSA VIÐAUKA NÉ ANNARRA SKJALA ER VARÐA TILBOÐIÐ. HVERS KYNS YFIRLÝSINGAR UM ANNAÐ ERU REFSIVERT LÖGBROT SAMKVÆMT BANDARÍSKUM LÖGUM.

FINNA MÁ UPPLÝSINGAR UM TILBOÐIÐ Í ÞESSUM VIÐAUKA SEM VIÐ HVETJUM ÞIG TIL AÐ LESA.

¹ Þetta skjal er þýðing á enskum frumtexta viðaukans. Ef eitthvað misræmi er á milli enska frumtextans og íslensku þýðingarinnar ber að styðjast við ensku útgáfu textans.

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR

Almennt

Þann 24. júní 2024 lagði John Bean Technologies Europe B.V., einkahlutafélag sem heyrir undir lög í Hollandi, hefur aðsetur í Rotterdam, Hollandi og er skráð í hollensku fyrirtækjaskránni undir númerinu 63675013 („**tilboðsgjafinn**“), dótturfélag að fullu í eigu John Bean Technologies („**JBT**“), fram valfrjálst tilboð til hluthafa Marel hf., íslensks hlutafélags með kennitölu 620483-0369 og skráð aðsetur í Garðabæ, Íslandi („**Marel**“ eða „**félagið**“) („**tilboðið**“). Þetta skjal („**viðaukinn**“) er viðauki við opinbert tilboðsyfirlit sem tilboðsgjafinn útbjór og var birt þann 24. júní 2024 í tengslum við tilboðið („**tilboðsyfirlitið**“). Viðaukinn skal ávallt lesinn í samhengi við tilboðsyfirlitið og sem órjúfanlegur hluti af tilboðsyfirlitinu. Skilgreiningar sem notaðar eru í tilboðsyfirlitinu gilda einnig í viðaukanum.

Viðaukinn skal lúta og túlkaður í samræmi við íslensk lög. Ágreiningur um viðaukann, eða sem kann að rísa í tengslum við hann, skal eingöngu úrskurðaður af íslenskum dómstólum, með Héraðsdóm Reykjavíkur sem fyrsta dómstig, nema samið sé um annað á milli tilboðsgjafans, JBT og Marel.

Upplýsingar í þessum viðauka eru ætlaðar að vera nákvæmar, þó ekki tæmandi, aðeins frá og með þeim degi sem viðaukinn er birtur. Ekki er gefið í skyn að upplýsingarnar hafi verið eða verði réttar á öðrum tímavarki. Fyrir utan þau tilfelli þar sem lög eða reglugerðir krefjast þess, afsalar tilboðsgjafinn sér sérstaklega allri skuldbindingu eða skyldu til að tilkynna opinberlega um uppfærslur eða breytingar á viðaukanum. Upplýsingar í viðaukanum eru eingöngu veittar í tengslum við tilboðið og má ekki nota í neinum öðrum tilgangi.

Yfirlýsingar um framtíðina

Staðhæfingar í þessum viðauka sem varða framtíðarstöðu eða kringumstæður, þar með talið yfirlýsingar um væntanlega frammistöðu, vöxt og aðrar þróunaráætlanir og áhrif tilboðsins, eru yfirlýsingar um framtíðina. Þessar yfirlýsingar má oftast, en ekki alltaf, þekkja á notkun orða eins og „gert er ráð fyrir“, „ætla“, „búist er við“, „telur“ eða sambærilegum orðasamböndum. Af eðli sínu fela yfirlýsingar um framtíðina í sér áhættu og óvissu þar sem þær lúta að atburðum og kringumstæðum sem gætu átt sér stað í framtíðinni. Raunverulegar niðurstöður geta orðið verulega frábrugðnar þeim sem lýst er eða gefnar eru í skyn í þessum yfirlýsingum um framtíðina, vegna ýmissa þátta, þar af margra sem tilboðsgjafinn hefur ekki stjórnað.

Allar yfirlýsingar um framtíðina sem settar eru fram hér, eiga aðeins við frá þeim degi sem þær eru gefnar út. Fyrir utan þau tilfelli þar sem þess er krafist samkvæmt gildandi lögum eða reglum, afsalar tilboðsgjafi sér sérstaklega allri skyldu eða skuldbindingu til að tilkynna opinberlega um uppfærslur eða breytingar á yfirlýsingum um framtíðina sem fram koma í viðaukanum til að endurspeglar breytingar á væntingum í tengslum við þær eða breytingar á atburðum, aðstæðum eða kringumstæðum sem slíkum yfirlýsingum er byggt á. Lesanda er þó bent á að kynna sér allar viðbótarupplýsingar sem tilboðsgjafinn, JBT eða Marel hafa gefið út eða kunna að gefa út.

Takmarkanir á tilboði

Tilboðið er ekki gert, beint eða óbeint, í neinni lögsögu þar sem slíkt tilboð eða samþykki þess væri í andstöðu við lög um verðbréf eða önnur slík lög eða reglugerðir slíkra lögsagna eða krefðist skráningar, samþykkis eða umsóknar við eftirlitsaðila sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir í tilboðslýsingu, dags. 20. júní 2024, og birt í tengslum við tilboðið („**tilboðslýsingin**“ eða „**lýsingin**“). Einstaklingar sem fá þetta tilboðsyfirlit og/eða lýsinguna og/eða þeir sem komast yfir þetta tilboðsyfirlit og/eða lýsinguna skulu veita athygli og virða allar slíkar takmarkanir og fá allar nauðsynlegar heimildir, samþykki og leyfi. Hvorki tilboðsgjafinn né neinir ráðgjafar hans bera nokkra ábyrgð á broti nokkurs einstaklings á slíkum takmörkunum. Þeir einstaklingar (þar á meðal, án takmarkana, vörsluaðilar, útnefndir aðilar og fjárvörsluaðilar) sem hyggjast áframsenda þetta tilboðsyfirlit og/eða lýsinguna eða önnur tengd skjöl til lögsögu utan Íslands, Hollands, Danmerkur og Bandaríkjanna skulu leita sér upplýsinga um lög viðkomandi lögsögu og skulu einnig lesa vandlega upplýsingarnar sem er að finna í 2. kafla „Almennar upplýsingar“ í tilboðslýsingunni áður en nokkuð er aðhafst. Dreifing þessa tilboðsyfirlits og/eða lýsingarinnar í lögsögum utan Íslands, Hollands, Danmerkur eða Bandaríkjanna getur heyrt undir takmarkanir samkvæmt lögum og því skulu einstaklingar sem komast yfir þetta tilboðsyfirlit og/eða lýsinguna leita sér upplýsinga um og virða slíkar takmarkanir. Misbrestur á fylgni við slíkar takmarkanir getur þýtt brot á lögum og reglugerðum um verðbréf innan slíkrar lögsögu.

Frekari upplýsingar um skilyrði, takmarkanir og ábyrgð sem gilda um tilboðið er að finna í tilboðsyfirlitinu og tilboðslýsingunni.

VIÐAUKI VIÐ TILBOÐSYFIRLITIÐ

Þann 24. júní 2024 lagði John Bean Technologies Europe B.V., einkahlutafélag sem heyrir undir lög í Hollandi, hefur aðsetur í Rotterdam, Hollandi og er skráð í hollensku fyrirtækjaskránni undir númerinu 63675013 („**tilboðsgjafinn**“), dótturfélag að fullu í eigu John Bean Technologies („**JBT**“), fram valfrjálst tilboð til hluthafa Marel hf. íslensks hlutafélags með kennitölu 620483-0369 og skráð aðsetur í Garðabæ, Íslandi („**Marel**“ eða „**félagið**“), þar sem boðist er til þess að kaupa útgefin og útistandandi hlutabréf (önnur en eigin hlutabréf) í Marel á verði sem nemur fyrir hvern hlut (i) 3,60 evrum í reiðufé; (ii) blöndu af 0,0265 nýútgefnum JBT tilboðsbréfum og 1,26 evrum í reiðufé eða (iii) 0,0407 nýútgefnum JBT-tilboðsbréfum. Þetta skjal („**viðaukinn**“) er viðauki við opinbert tilboðsyfirlit sem var samþykkt af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og birt þann 24. júní 2024 í tengslum við tilboðið („**tilboðsyfirlitið**“).

Viðauki þessi skal ávallt lesinn í samhengi við tilboðsyfirlitið og sem órjúfanlegur hluti af tilboðsyfirlitinu. Hluthafar eru hvattir til þess að skoða tilboðsyfirlitið. Skilmálar og ákvæði tilboðsins skulu fara eftir tilboðsyfirlitinu, nema annað komi fram í þessum viðauka. Skilgreiningar sem notaðar eru í tilboðsyfirlitinu gilda einnig fyrir viðaukann.

Þessi viðauki hefur verið útbúinn til að (i) breyta uppgjörstímabili tilboðsins þannig að uppgjör tilboðsins fari fram eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir lok gildistíma tilboðsins, í stað þriggja (3) viðskiptadaga frá lokum gildistíma tilboðsins, eins og kveðið er á um í tilboðsyfirlitinu, og (ii) færa lok gildistíma tilboðsins til kl. 12:00 að hádegi á íslenskum tíma á lokadegi gildistíma tilboðsins í stað kl. 17:00 á íslenskum tíma. Tilgangur breytinganna er að framlengja uppgjörstímabil tilboðsins til þess að tryggja öruggt og snurðulaust uppgjör til þeirra hluthafa sem samþykkja tilboðið.

Breytingar á tilboðsyfirlitinu

Þessi viðauki breytir hér með (i) uppgjörstímabili tilboðsins þannig að uppgjör tilboðsins fari fram eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir lok gildistíma tilboðsins og (ii) breytir gildistíma tilboðsins þannig að tilboðinu ljúki kl. 12:00 að hádegi á íslenskum tíma á lokadegi gildistíma tilboðsins. Allir kaflar tilboðsyfirlitsins eru hér með álitnir breyttir, eins og við á, til þess að endurspeglar þær breytingar sem að framan greinir og kveðið er á um í þessum viðauka.

Hluthafar sem hafa samþykkt tilboðið geta dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er fyrir lok gildistíma tilboðsins. Eftir lok gildistíma tilboðsins fellur rétturinn til afturköllunar niður og hluthafar geta ekki dregið samþykki sitt til baka. Frekari upplýsingar um rétt til afturköllunar má finna í kafla 4.10 (*Réttur til afturköllunar*) í tilboðsyfirlitinu.

Fyrir allar nánari upplýsingar um skilmála tilboðsins og aðrar upplýsingar í tengslum við tilboðið er vísað til tilboðsyfirlitsins, ásamt viðaukanum, sem er aðgengilegt á vefsíðum JBT (www.jbtc.com) og Marel (www.marel.com).